BORGARBYGGÐ

Reglur um styrktarlínur og auglýsingar

1. gr.

Markmið

Markmið með þessum reglum er að samræma styrkveitingar á vegum sveitarfélagsins og stuðla að faglegri afgreiðslu þeirra. Eftirfarandi reglur eru nauðsynlegar við mat á umsóknum, markmiðum með styrkveitingu, ábyrgðarhlutverki aðila, meðferð og afgreiðslu styrkja og eftirfylgni.

2. gr.

Almennt

Borgarbyggð veitir ár hvert félagasamtökum, fyrirtækjum og einstaklingum styrki í formi styrktarlínu og/eða auglýsinga í prent- og ljósvakamiðlum. Styrkveiting felur ekki í sér fyrirheit um frekari skuldbindingar af hálfu Borgarbyggðar nema gerður sé sérstakur samningur þess efnis.

Styrktarlínur og auglýsingar þurfa að samræmast hlutverki sveitarfélagsins eða vera í samræmi við stefnu þess og áherslur.

Borgarbyggð hefur að leiðarljósi að styðja fyrst og fremst við bakið á aðilum eða verkefnum innan sveitarfélagsins.

Ekki er hægt að sækja um styrk til verkefnis sem þegar er lokið.

Forsenda styrkveitingar er að fjármagn sé til staðar í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins til þess að standa straum af slíkum styrkveitingum/auglýsingum.

Verkefnastjóri upplýsinga- og kynningarmála fer með úthlutun í samráði við sveitarstjóra.

3. gr.

Fjárhæð styrkja

Styrkur Borgarbyggðar til einstaka umsækjenda á þennan hátt getur ekki verið hærri en 100.000. Allar umsóknir sem eru umfram þá fjárhæð skal vísa á fund byggðarráðs til afgreiðslu.

4. gr.

Umsækjendur

Umsækjendur geta verið lögráða einstaklingar, félagasamtök, stofnanir eða fyrirtæki í Borgarbyggð sem og á landinu öllu.

5. gr.

Skil umsókna og afgreiðsla erinda

Tekið er við umsóknum um styrktarlínur og auglýsingar allt árið.
Senda skal inn umsókn í gegnum þjónustugáttina inn á www.borgarbyggd.is.

Auk almennra þátta skal eftirfarandi koma fram í umsókn:

- Markmið, lýsing og tilefni umsóknar.
- Styrkupphæð
- Tíma- og verkáætlun ef svo á við.
- Kostnaðaráætlun ef svo á við.
- Önnur fjármögnun.

Öllum umsóknum er svarað á netfang sem gefið er upp í umsókninni. Unnið er úr innkomum umsóknum eins fljótt og auðið er. Svar skal berast innan tveggja vikna frá skilum umsóknar.

Við meðferð og mat á umsóknum skal viðhafa góða stjórnsýsluhætti, gagnsæi og vönduð vinnubrögð.

Verkefnastjóri upplýsinga- og kynningarmála skal tilgreina umsækjanda niðurstöður afgreiðslu og vista málsgögn í OneSystems.

6. gr.

Endurgreiðslukrafa

Borgarbyggð áskilur sér rétt til að rifta samningum, afturkalla styrkloforð og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannarlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða að hálfu styrkþega.

7. gr.

Skilyrði

Þeir aðilar sem njóta styrkja frá Borgarbyggð skulu láta þess getið í kynningarefni sínu. Auk þess þarf að skila inn sönnun fyrir birtingu styrktarlínu eða auglýsingu til skrifstofu sveitarfélagsins eigi síðar en tveimur vikum eftir að verkefni lýkur.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar þann x nóvember 2026.

Reglurnar taka gildi strax við samþykkt þeirra.